

Nd.

707. Nefndarálit

[56. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 15/1979, um breyt. á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Hér er um að ræða bráðabirgðalög útgefin 23. júní s. l. Búnaðarþingi var sent málið til umsagnar, ásamt breytingartillögu við 2. gr. frv., sem komin er frá stjórn Stéttarsambands bænda. Búnaðarþing lagði til, að breytingartillagan yrði samþykkt og lögin þannig staðfest. Einnig barst landbúnaðarnefnd umsögn frá Verslunarráði Íslands, ásamt greinargerð frá Helga V. Jónssyni hæstaréttarlögmanni, þar sem því er haldið fram, að bráðabirgðalögin samrýmist ekki 40. gr. stjórnarskrárinnar.

Landbúnaðarnefnd er búin að fjalla um þetta mál á mörgum fundum. Á þá fundi hafa komið prófessor Jónatan Þórmundsson, frá bændasamtökunum Gunnar Guðbjartsson, Hákon Sigurgrímsson og Ingi Tryggvason, frá fóðurvöruinnflytjendum Arnór Valgeirsson, Hjörleifur Jónsson og Sigurður Eyjólfsson og frá landbúnaðarráðuneytinu Guðmundur Sigþórsson.

Mjög skiptar skoðanir eru um þetta mál í nefndinni. Meiri hluti hennar telur þó rétt, að bændasamtökin hafi sem rýmstar heimildir til að stjórna framleiðslunni, og leggur til, að bráðabirgðalögin verði staðfest, með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Steinþór Gestsson og Pétur Sigurðsson munu skila séráliti. Árni Gunnarsson skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 4. maí 1981.

Stefán Valgeirsson, Árni Gunnarsson, Skúli Alexandersson.
form., frsm. fundaskr., með fyrirvara.
Eggert Haukdal. Þórarinn Sigurjónsson.